Hinn 2. júlí 1971 var Alfa-Laval, Tumba, Svíþjóð, veitt einkaleyfi nr. 780 á aðferð til hreinsunar á skolvatni fiskskurðarvéla.

Hinn 16. júlí 1971 var Institut Elementoorganicheskikh Sodieny, Moskva, Sovétríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 781 á aðferð til að framleiða kornóttan gervikavíar.

Hinn 23. júlí 1971 var Tallinsky Filal Tsentraluogo Proektnokonstruktorskogo i Tekhnologicheskogo Bjuro Glavnogo Upravlenia Rybnoi Promyshlennosti Zepadnogo Basserina, Ulitsa Petroleumi 10, Tallin, Sovétríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 782 á vél til að festa net á reipi.

Hinn 23. júlí 1971 var Tallinsky Filal Tsentraluogo Proektnokonstruktorskogo i Tekhnologicheskogo Bjuro Glavnogo Upravlenia Rybnoi Promyshlennosti Zepadnogo Basserina, Ulitsa Petroleumi 10, Tallinn, Sovétríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 783 á vél til að veita reipi í netagerðarvél.

Hinn 23. júlí 1971 var Baldri Skarphéðinssyni, Hólmgarði 45, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 784 á byggingareiningum til byggingar veggja, sem samanstanda af lóðréttum standandi plötum með bili sín á milli.

Hinn 25. nóvember 1971 var Tallinsky Filal Tsentraluogo Proektnokonstrutorskogo i Tekhnologicheskogo Bjuro Glavnogo Upravlenia Rybnoi Promyshlennosti Zepadnogo Basserina, Ulitsa Petroleum 10, Tallin, Sovétríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 785 á aðferð til að sauma saman netabálka og vél til að vinna samkvæmt þessari aðferð.

Hinn 25. nóvember 1971 var Vsesojuzny Prodovolstvennogo Mashinostroenia 1. Novak Uoroshevskoeshosse, Moskva, Sovétríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 786 á fiskverkunartæki, sérstaklega tæki til að skilja lifrina frá öðrum fiskinnýflum.

Hinn 25. nóvember 1971 var Libbey-Owens-Ford Company, Toledo, Ohio, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 787 á tveimur eða fleiri samtengdum glerþynnum og framleiðslu þeirra.

Hinn 25. nóvember 1971 var Texaco Development Corporation, New York, N.Y., Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi nr. 788 á aðferð til framleiðslu á gasi.

Hinn 25. nóvember 1971 var Schweizerische Aluminium AG., Chippis, Sviss, veitt einkaleyfi nr. 789 á tæki til bræðslu-renniráfgreiningar súrefnissambanda.

Hinn 25. nóvember 1971 var National Research Development Corp., Kingsgate House 66—74 Victoria Street, London, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 790 á rafmagnsvogar-útbúnaði til að vega hluti, sem háðir eru hreyfingu.

Nr. 270.

## EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

**1970:**

Dr. Bernard Christian Schmitt var hinn 4. september 1970 skipaður til þess að vera ræðismaður Íslands í Metz í Frakklandi.

23. október var dr. Hermann Schwarz skipaður ræðismaður Íslands í München í stað Hans Frey, ræðismanns, sem andaðist 16. apríl 1970. Þýzk stjórnvöld veittu dr. Hermann Schwarz viðurkenningu sem kjörræðismanni Íslands í München hinn 10. desember 1970.

5. nóvember afhenti Magnús V. Magnússon forseta Brasilíu trúnaðarbréf sitt sem ambassador Íslands í Brasilíu.

12. nóvember afhenti Magnús V. Magnússon forseta Argentínu trúnaðarbréf sitt sem ambassador Íslands í Argentínu.

15. nóv. var Magnúsi Þ. Torfasyni veitt lausn frá prófessorsembætti við lagadeild Háskóla Íslands frá 15. nóvember 1970 að telja, þar sem hann hefur verið skipaður hæstaréttardómari frá þeim tíma.

19. nóvember afhenti Níels P. Sigurðsson forseta Portúgal trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Portúgal með aðsetri í London.

9. desember var Haraldi Sigurðssyni, héraðslækni, veitt lausn frá héraðslæknisembættinu í Búðahéraði frá 1. janúar 1971 að telja, samkvæmt ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna.

12. desember var Jón Ingimarsson, deildarstjóri, skipaður skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá 1. nóvember 1970 að telja.

29. desember var gefið út veitingabréf handa séra Guðmundi Þorsteinssyni, Hvanneyri, til að vera sóknarprestur í Árbæjarprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi frá 1. janúar 1971 að telja.

30. desember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Halldóri Baldurssyni, til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Guðmundi I. Eyjólfssyni, til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

31. desember var Steingrími Octaviusi Thorlakssyni veitt lausn frá störfum fyrir aldurs sakir sem ræðismaður Íslands í San Francisco.

S. d. var dr. Paul Szenkovits aðalræðismanni Íslands í Vín veitt lausn frá störfum samkvæmt eigin ósk.

1971:

1. janúar var Kristjáni Sveinssyni, augnlækni, veitt lausn frá dósentsstöðu í augnlækningum við læknadeild Háskóla Íslands fyrir aldurs sakir.

S. d. var Þórður Eydal Magnússon, tannlæknir, skipaður prófessor í tannréttingum við læknadeild Háskóla Íslands.

S. d. var Jóhannes F. Skaftason, lyfjafræðingur, skipaður lektor í lyfjafræði í læknadeild Háskóla Íslands.

S. d. voru eftirtaldir menn skipaðir forstöðumenn fyrir rannsóknastofum Raunvísindastofnunar Háskólans sem hér segir: Rannsóknastofa í stærðfræði: dr. Leifur Ásgeirsson, prófessor. Rannsóknastofa í eðlisfræði: Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor. Rannsóknastofa í efnafræði: dr. Sigmundur Guðbjarnason, prófessor. Rannsóknastofa í jarðvísindum: dr. Sigurður Þórarinsson, prófessor.

Skipunartímabil dr. Leifs Ásgeirssonar er til 30. júní 1973, en hinna forstöðumannanna fjögur ár.

S. d. var Maurice J. Saad ræðismanni Íslands í Jerúsalem veitt lausn frá störfum.

S. d. voru eftirtaldir menn skipaðir í stjórn Rithöfundasjóðs Íslands um þriggja ára skeið:

Rithöfundanir Einar Bragi og Guðmundur G. Hagalín, samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands og Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntamálaráðaneytinu, skipaður af ráðherra án tilnefningar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Þá hafa eftirtaldir menn verið skipaðir í nefnd, er annast skal úthlutun starfslauna handa listamönnum 1971: Hannes Kr. Davíðsson, arkitekt, formaður Bandalags ísl. listamanna, Helgi Sæmundsson, ritstjóri, formaður úthlutunarnefndar listamannalauna, og Runólfur Þórarinsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

S. d. var Þórir Einarsson, viðskiptafræðingur, skipaður lektor í rekstrarhagfræði, sérstaklega í rekstrarbókhaldi og greinum innan framleiðslufræði og almennrar stjórnunar, í viðskiptadeild Háskóla Íslands.

11. janúar var gefið út leyfisbréf handa Stefáni Haraldssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í bæklunarlækningum.

14. janúar var Guðmundur Í. Guðmundsson skipaður til þess að vera ambassador í Nígeríu frá 1. janúar 1971 að telja.

1. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Jóhanni Gunnari Þorbergssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í gigtlækningum sem hliðargrein lyflækninga.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Kjartani Pálssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum og hjartalækningum.

3. febrúar var Þórður Ásgeirsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. febrúar 1971 að telja.

5. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Kristjáni Sigurðssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum.

9. febrúar var Otto Christiansen ræðismanni Íslands í Kristiansand, veitt lausn frá störfum skv. eigin ósk.

10. febrúar var Böðvar Bragason, fulltrúi yfirborgarfógeta, skipaður til þess að vera bæjarfógeti í Neskaupstað frá 15. marz 1971 að telja.

11. febrúar var gefið út leyfisbréf handa Ingva Jóni Einarssyni, til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Hertu Karin Eiselt, til þess að mega stunda hjúkrunarstörf hér á landi í eitt ár.

12. febrúar afhenti Magnús V. Magnússon forseta Kúbu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Kúbu.

15. febrúar var gefin út löggilding fyrir Ólaf Pétursson, Hrólfsskála, Seltjarnarnesi, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á dönsku.

S. d. var gefin út löggilding fyrir Svövu Guðmundsdóttur, Hringbraut 51, Reykjavík, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Guðmundi Oddssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum og hjartalækningum.

1. marz var Gylfi Þórðarson, viðskiptafræðingur, skipaður fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. marz 1971 að telja.

S. d. var Jón Guðgeirsson, læknir, skipaður í stöðu tryggingalæknis frá 15. febrúar 1971 að telja.

2. marz var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir., Gunnari Þór Jónssyni, til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir., Geir Ólafssyni, til að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

3. marz var Þórleifur Jónsson, viðskiptafræðingur, skipaður til að vera fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu frá 1. apríl 1971 að telja.

8. marz var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir., Önnu Katrínu Emilsdóttur, til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Víglundi Þór Þorsteinssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarlækningum.

9. marz var Brynjólfi Kjartanssyni, cand. jur., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Margrét Rögnvaldsdóttir skipuð kennari við Barnaskóla Oddeyrar frá 1. september 1970 að telja.

15. marz afhenti Henrik Sv. Björnsson forseta Sameinaða Arabalýðveldisins trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Sameinaða Arabalýðveldinu með aðsetri í París.

S. d. var Aðalgeir Pálsson skipaður yfirkennari við Iðnskólann á Akureyri frá 1. janúar 1971 að telja.

S. d. var Þorvaldi G. Einarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Boga Nilssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. marz var dr. Gunnar Thoroddsen, fyrrv. hæstaréttardómari, skipaður prófessor í lagadeild Háskóla Íslands frá 15. marz 1971 að telja.

24. marz afhenti Guðmundur Í. Guðmundsson forseta Nigeríu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands hjá Nigeríustjórn með aðsetri í London.

25. marz var Þórður Ásgeirsson, fulltrúi, skipaður til að vera deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. apríl 1971 að telja.

29. marz afhenti Henrik Sv. Björnsson keisara Eþíópíu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Eþíópíu með aðsetri í París.

7. apríl var Arnari G. Hinrikssyni, lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

13. apríl var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et. chir., Ástráði B. Hreiðarssyni, til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Kristjáni Baldvinssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum.

27. apríl var Carl Christiansen, skipaður ræðismaður Íslands í Kristiansand í Noregi.

1. maí var Svanbjörn Frímannsson, landsbankastjóri, skipaður bankastjóri Seðlabanka Íslands frá 1. maí 1971.

3. maí voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Iðnskólann í Reykjavík frá 1. apríl 1971 að telja: Aðalheiður Eliníusardóttir, Guðmundur Jensson, Olgeir Axelsson, Viðar Rósmundsson, Guðmundur Karl Ásbjörnsson, Halldór J. Arnórsson og Oddur Björnsson.

4. maí var gefið út leyfisbréf handa Sigurði Agli Þorvaldssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Eggert Brekkan, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum og þvagfæraskurðlækningum.

5. maí var gefið út leyfisbréf handa Jóni G. Hallgrímssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í brjóstholsskurðlækningum sem undirgrein í skurðlækningum.

10. maí var Árni Ísaksson, fiskifræðingur, skipaður til að vera sérfræðingur við Veiðimálastofnunina frá 1. júní 1971 að telja.

12. maí var Kristni R. Gunnarssyni, lyfjafræðingi, veitt lyfsöluleyfið á Siglufirði.

14. maí var gefin út löggilding fyrir Brittu Björnsson, fil. mag., til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á sænsku.

24. maí var gefið út leyfisbréf handa Guðjóni Guðmundssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum.

25. maí var Haraldur Árnason, bændaskólakennari, skipaður til að vera skólastjóri bændaskólans að Hólum í Hjaltadal frá 1. júní 1971 að telja.

S. d. var Bára Guðmundsdóttir skipuð kennari við Barnaskóla Hafnarfjarðar frá 1. september 1971 að telja.

28. maí var Ludvig Hermann Alfred Janssen skipaður til þess að vera ræðismaður Íslands í Bremerhaven í Þýzkalandi.

S. d. var Jón Ragnar Johnson skipaður til þess að vera vararæðismaður Íslands í Toronto, Ontario, Kanada.

1. júní var Helgi Ágústsson settur fulltrúi í utanríkisráðuneytinu, skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júní 1971 að telja.

S. d. var Sverrir Haukur Gunnlaugsson, settur fulltrúi í utanríkisráðuneytinu, skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júní 1971 að telja.

S. d. var Sveinn Björnsson, aðstoðarmaður í sendiráðinu í Stokkhólmi, skipaður fulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júní 1971 að telja, en falið að gegna áfram störfum við sendiráðið í Stokkhólmi.

9. júní var séra Kristjáni Róbertssyni, sem þjónað hefur Siglufjarðarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá 30. júní 1971 að telja.

10. júní var gefið út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni, Jóhanni Steinasyni, til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S. d. var Sveinn Runólfsson, landbúnaðarkandídat, skipaður til að vera fulltrúi landgræðslustjóra frá 10. júní 1971 að telja.

S. d. var Guðmundur Í. Guðmundsson leystur frá störfum sem sendiherra í Bretlandi, Holllandi, Spáni, Portúgal og Nigeríu frá 1. ágúst 1971 að telja, og frá sama tíma skipaður sendiherra skv. lögum nr. 39 frá 1971. Honum hefur verið falið að taka við starfi sendiherra í Washington.

S. d. var Niels P. Sigurðsson leystur frá störfum sem sendiherra í Belgíu og hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og sem fastafulltrúi hjá Norður-Atlantshafsráðinu frá 1. ágúst að telja, og frá sama tíma skipaður sem sendiherra skv. lögum nr. 39 frá 1971. Honum hefur verið falið að taka við starfi sendiherra í London.

S. d. var Tómas Á. Tómasson leystur frá störfum sem skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu frá 1. ágúst 1971 að telja, og frá sama tíma skipaður sendiherra skv. lögum nr. 39 frá 1971. Honum hefur verið falið að taka við störfum í Brüssel sem fastafulltrúi Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu.

S. d. var Haraldur Óskarsson skipaður kennari við Barnaskóla Neskaupstaðar frá 1. september 1971 að telja.

11. júní var Guðmundi Malmquist, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var dr. Gunnar G. Schram skipaður deildarstjóri í utanríkisþjónustunni frá 1. ágúst 1971 að telja, og falið að gegna störfum sem sendiráðunautur í New York.

S. d. var Ingvi Ingvarsson, sendiráðunautur í Brüssel, skipaður skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Ólafur Egilsson, sendiráðunautur í París, skipaður deildarstjóri í utanríkisþjónustunni frá 1. september 1971 að telja og verið falið að taka við störfum sem sendiráðunautur í Brüssel.

S. d. voru Knútur Hallsson, Guðmundur Þór Pálsson, Andri Ísaksson og Sigurður J. Briem skipaðir deildarstjórar í menntamálaráðuneytinu frá 1. júní 1971 að telja. og jafnframt var Knútur Hallsson skipaður skrifstofustjóri í ráðuneytinu frá sama tíma að telja.

S. d. voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Barnaskóla Garðahrepps frá 1. september 1971 að telja: Benedikt Axelsson, Björgúlfur Þorvarðarson, Guðrún Guðjónsdóttir, Ingveldur Á. Stefánsdóttir, Margrét Thorlacius og Pálína Jónsdóttir.

S. d. var Magnús Óskarsson skipaður kennari við Barnaskóla Húsavíkur frá 1. september 1971 að telja.

S. d. voru Brynjar Valdimarsson og Nanna Sigurðardóttir skipuð kennarar við barnaskóla Kópavogs frá 1. september 1971 að telja.

15. júní var Guðmundi Sigurðssyni, lækni, veitt embætti héraðslæknis í Austur-Egilsstaðahéraði frá og með 1. júlí að telja.

S. d. voru Haukur Magnússon og Vilborg Pétursdóttir skipuð kennarar við Húnavallaskóla frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Hjördís Stefánsdóttir skipuð kennari við Húsmæðraskólann að Laugum, S.-Þing., frá 1. september 1971 að telja.

S. d. voru eftirtaldir kennarar skipaðir við gagnfræðaskóla Kópavogs frá 1. september 1971 að telja: Alda G. Friðriksdóttir, Baldvin Árnason og Sigurður H. Benjamínsson.

S. d. var Guðmundur Klemenzson skipaður kennari við Barna- og unglingaskólann í Varmahlíð frá 1. september 1971 að telja.

22. júní var Trausti Þorsteinsson skipaður kennari við Barnaskóla Akureyrar frá 1. september 1971 að telja.

23. júní var Sveinbjörn Dagfinnsson skipaður til að vera skrifstofustjóri í landbúnaðarráuneytinu frá 1. júlí 1971 að telja.

24. júní var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir., Herði Alfreðssyni, til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Hannes Hafstein skipaður deildarstjóri í utanríkisþjónustunni frá 1. ágúst 1971 að telja og falið að gegna áfram störfum í utanríkisráðuneytinu.

25. júní var gefið út leyfisbréf handa Sverri Bjarnasyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í barnageðlækningum.

1. júlí var Arnfríður Richardsdóttir skipuð kennari við Steinsstaðaskóla, Skagafjarðarsýslu, frá 1. september 1971 að telja.

S. d. voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Heyrnleysingjaskólann frá 1. september 1971 að telja: Bjarney Njálsdóttir, Guðlaug Snorradóttir, Dóra Pálsdóttir og Sophie Kofoed-Hansen.

S. d. voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Barnaskóla Vestmannaeyja frá 1. september 1971 að telja: Hjálmfríður R. Sverrisdóttir, Katrín Lovísa Magnúsdóttir, Magnús Gísli Magnússon og Ólöf Margrét Magnúsdóttir.

Bjarni Guðmundsson, deildarstjóri lét af störfum í utanríkisráðuneytinu frá 1. júlí 1971 að telja.

2. júlí var gefin út löggilding fyrir Halldór P. Dungal, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á þýzku og ensku.

S. d. var Matthías Frímannsson skipaður kennari við Alþýðuskólann á Eiðum frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Anna Magnúsdóttir skipuð kennari við barnaskóla Biskupstungna frá 1. september 1971 að telja.

6. júlí var Fesseha Megnihistou skipaður sem aðalræðismaður Íslands í Addis Abeba.

S. d. var Páll Ásgeir Tryggvason skipaður sem sendifulltrúi (ministercounsellor) í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. ágúst 1971 að telja.

7. júlí var séra Kolbeini Þorleifssyni, sem þjónað hefur Eskifjarðarprestakalli veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá 1. september 1971 að telja.

8. júlí var Tómas Bjarni Sturlaugsson skipaður skólastjóri Varmárskóla frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Jens Sumarliðason skipaður kennari við skóla gagnfræðastigsins í Reykjavík frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Sigurður G. Sigurðsson skipaður kennari við Gagnfræðaskóla Akraness frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Óli Þ. Guðbjartsson skipaður skólastjóri Gagnfræðaskólans á Selfossi frá 1. september 1971 að telja.

12. júlí var Þorvarður Kjerúlf Þorsteinsson skipaður til að vera deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 12. júlí 1971 að telja.

23. júlí var Már Ársælsson skipaður kennari við Tækniskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja.

S. d. voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Barnaskóla Hafnarfjarðar frá 1. september 1971 að telja: Ásthildur Kjartansdóttir, Erla M. Eggertsdóttir, Guðríður Óskarsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Sigrún Arnórsdóttir og Jónína Ágústsdóttir.

26. júlí var Arndís Kristinsdóttir skipuð kennari við barnadeildir Mýrarhúsaskóla, Seltjarnarneshreppi, frá 1. september 1971 að telja.

27. júlí var Matthías Eggertsson, tilraunastjóri, skipaður til að vera kennari við bændaskólann á Hólum í Hjaltadal frá 1. október 1971 að telja.

S. d. var Henry Blackburn veitt lausn frá vararæðismannsstarfinu fyrir Ísland í Fleetwood.

28. júlí var Bergþóra Gísladóttir skipuð kennari við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. sept 1971 að telja.

30. júlí var Donald H. Stoneson skipaður ræðismaður fyrir Ísland í San Francisco.

S. d. var séra Gunnari Árnasyni, sem þjónað hefur Kópavogsprestakalli, veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir frá 1. september 1971 að telja.

1. ágúst var Gunnari G. Schram veitt lausn frá starfi lektors í lagadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1971 að telja að eigin ósk.

S. d. var Stefán Jónsson, læknir skipaður lektor í lífeðlisfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1971 að telja.

S. d. var Hannesi Jónssyni, sendiráðunauti í New York, falið að taka við starfi sem deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu frá 1. ágúst 1971 að telja.

4. ágúst var Gunnar Guðmundsson skipaður skólastjóri Heimavistarskólans að Flúðum í Árnessýslu frá 1. september 1971 að telja.

10. ágúst var D. H. Hirlekar skipaður ræðismaður Íslands í Bombay í Indlandi.

16. ágúst voru Sigrún Vilbergsdóttir, Valdís Þorkelsdóttir og Helga Friðfinnsdóttir skipaðar kennarar við barnaskóla Kópavogs frá 1. september 1971 að telja.

19. ágúst voru eftirtaldir kennarar skipaðir við gagnfræðaskóla Reykjavíkur frá 1. september 1971 að telja: Guðjón Friðriksson, Haraldur Finnsson, Olga Magnúsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Stefán Benediktsson, Steinunn P. Hafstað og Viðar Símonarson.

S. d. var Hanna S. Jóhannsdóttir skipuð kennari við Gagnfræðaskóla Akraness frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Júlíana Þ. Lárusdóttir skipuð kennari við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Magnús Magnússon skipaður skólastjóri Höfðaskólans í Reykjavík frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Margrét Þóra Guðlaugsdóttir skipuð kennari við Gagnfræðaskóla Garðahrepps frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Björn Ingólfsson skipaður skólastjóri Barnaskóla Grenivíkur frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Hildur Eyþórsdóttir skipuð kennari við barnaskóla Akureyrar frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Valgerður Elín Valdimarsdóttir skipuð kennari við barnaskóla Akureyrar frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Vilborg Sigurðardóttir skipuð kennari við gagnfræðaskóla Reykjavíkur frá 1. september 1971 að telja.

20. ágúst voru eftirtaldir kennarar skipaðir við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. september 1971 að telja: Ásta Lárusdóttir, Bryndís Skúladóttir, Elísabet F. Eiríksdóttir, Erna H. Kolbeins, Friðgerður Samúelsdóttir, Friðrik Pétursson, Guðný Helgadóttir, Guðrún Fanney Óskarsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Hafdís Sigurgeirsdóttir, Halldóra Kristinsdóttir, Hallfríður Þorkelsdóttir, Hilda Torfadóttir, Hilmar Björnsson, Hendrik Jafetsson, Ingibjörg Þorkelsdóttir, Jenný B. Ingólfsdóttir, Magnea S. Sigurðardóttir, Olga Jónasdóttir, Ólafur Ingvarsson, Sigríður Haraldsdóttir, Sigurveig Úlfarsdóttir og Svanhildur Á. Sigurðardóttir.

S. d. var Björn Þór Ólafsson skipaður kennari við Gagnfræðaskólann á Ólafsfirði frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Guðríður Eiríksdóttir skipuð skólastjóri Húsmæðraskólans á Laugalandi frá 1. september 1971 að telja.

21. ágúst andaðist vararæðismaður Íslands í Hammerfest í Noregi, hr. Hans Edvard Evensen.

26. ágúst tilkynnti viðskiptaráðuneytið, að hinn 18. s. m. hafi Lúðvík Jósepsson, viðskiptaráðherra verið skipaður aðalfulltrúi Íslands í bankaráði Alþjóðabankans (IBRD) og aðalfulltrúi hjá Alþjóðalánastofnuninni (IFC) og hinni Alþjóðlegu framfarastofnun (IDA).

Frá sama tíma var Halldór E. Sigurðsson, fjármálaráðherra, skipaður varafulltrúi Íslands í ofangreindum alþjóðastofnunum.

27. ágúst var Anton Sigurðsson skipaður skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Ingunn Árnadóttir skipuð kennari við Skóla Ísaks Jónssonar frá 1. september 1971 að telja.

30. ágúst var Jón Halldórsson skipaður kennari við Barnaskólann á Dalvík frá 1. september 1971 að telja.

31. ágúst voru Valey Jónasdóttir og Ester Bergmann Halldórsdóttir skipaðar kennarar við Barnaskóla Siglufjarðar frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Matthías Ásgeirsson skipaður kennari við Héraðsskólann í Reykholti frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Indíana Guðlaugsdóttir skipuð kennari við Gagnfræðaskólann á Selfossi frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Sverrir Guðmundsson skipaður kennari við Kleppjárnsreykjaskólann í Borgarfirði frá 1. september 1971 að telja.

1. september var Óskar L. Ágústsson skipaður umsjónarmaður við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Friðbjörn Gunnlaugsson skipaður skólastjóri Barna- og unglingaskólans í Grindavík frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Jón Mar Þórarinsson skipaður kennari við Barnaskólann í Grindavík frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Jóhannes L. L. Helgason leystur frá starfi háskólaritara frá 1. september 1971 að telja, samkvæmt eigin ósk.

S. d. var Andrés Guðjónsson, tæknifræðingur, skipaður skólastjóri Vélskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja.

S. d. voru Axel Carlquist, Dipl. phys., og Finnur Torfi Hjörleifsson, skipaðir kennarar við Menntaskólann á Ísafirði frá 1. september 1971 að telja.

2. september var Halldóra Jónsdóttir skipuð kennari við Barna- og unglingaskóla Aðaldæla. S.-Þingeyjarsýslu, frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Guðmundur Sigurmonsson skipaður kennari við Barna- og unglingaskóla Staðarsveitar frá 1. september 1971 að telja.

S. d. voru Kristín Pálsdóttir og Ólafur Jónsson skipuð kennarar við Barnaskóla Hafnarfjarðar frá 1. september 1971 að telja.

6. september var Eysteinn Guðjónsson skipaður kennari við Barna- og unglingaskólann á Djúpavogi frá 1. september 1971 að telja.

8. september voru Kristinn Gíslason og Svavar Guðmundsson skipaðir kennarar við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Margrét Guttormsdóttir skipuð kennari við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. september 1971 að telja.

13. september var gefið út veitingabréf handa séra Rögnvaldi Finnbogasyni til þess að vera sóknarprestur í Siglufjarðarprestakalli í Eyjafjarðarprófastdæmi frá 1. september 1971 að telja.

16. september afhenti Tómas Á. Tómasson Belgíukonungi trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Belgíu.

17. september voru eftirtaldir kennarar skipaðir við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja: Sigríður Jóna Þorvaldsdóttir, Guðlaug Torfadóttir, Guðný Helgadóttir og Auðunn Hlíðar Einarsson.

S. d. var Valdimar Þ. Kristjánsson skipaður kennari við Gagnfræðaskólann í Vestmannaeyjum frá 1. september 1971 að telja.

18. september voru Sigvaldi Ingimundarson og Sigurborg Gísladóttir skipuð kennarar við Barnaskólann í Höfn, Horfnafirði, frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Eggert Gautur Gunnarsson skipaður kennari við Vélskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja.

20. september var Magnús Óskarsson, búfræðikandídat, skipaður til að vera kennari við bændaskólann á Hvanneyri frá 1. október 1971 að telja.

S. d. var Yngwe Wincent Nordensvärd veitt lausn frá störfum að eigin ósk sem vararæðismaður Íslands í Málmey.

S. d. var Sigríður Bjarnar skipuð kennari við gagnfræðaskóla Reykjavíkur frá 1. september 1971 að telja.

S. d. var Jón H. Kristjánsson skipaður kennari við Barna- og unglingaskólann að Brunnastöðum frá 1. september 1971 að telja.

21. september afhenti Tómas Á. Tómasson Aldo Moro, forseta ráðherraráðs Efnahafsbandalags Evrópu, og Reymond Barre, varaformanni framkvæmdastjórnar bandalagsins, trúnaðarbréf sín sem sendiherra Íslands hjá Efnahagsbandalagi Evrópu.

23. september var gefið út leyfisbréf handa Óla Birni Hannessyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í augnlækningum.

S. d. afhenti Guðmundur Í. Guðmundsson Bandaríkjaforseta trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Bandaríkjunum.

24. september voru eftirtaldir kennarar skipaðir við gagnfræðaskóla Reykjavíkur frá 1. september að telja: Kolbrún Valdimarsdóttir og Þórhallur Runólfsson.

30. september var Ian Hunter Barnett skipaður til þess að vera ræðismaður Íslands í Sydney.

4. október var gefið út leyfisbréf handa Halldóri Jóhannssyni, cand. med. et. chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigurði Björnssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lyflækningum með meltingarsjúkdóma sem undirgrein.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Tryggva Ásmundssyni, cand. med. et. chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Jörundur Steinar Garðarsson skipaður kennari við Barna- og unglingaskólann á Bíldudal frá 1. september 1971 að telja.

7. október var gefið út leyfisbréf handa Leonhard Inga Haraldssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Baldri Bragasyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Lofti Ólafssyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Sigfúsi Þór Elíassyni til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Halldór Sigurðsson skipaður kennari við Þelamerkurskólann í Eyjafjarðarsýslu frá 1. september 1971 að telja.

12. október var gefið út leyfisbréf handa Tryggva Ásmundssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í lungnasjúkdómum.

13. október afhenti Niels P. Sigurðsson Elísabeth II. Bretlandsdrottningu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Bretlandi.

15. október var Magnúsi Ágústssyni, héraðslækni, veitt lausn frá embætti héraðslæknis í Hveragerðishéraði frá 1. janúar 1972 að telja.

S. d. var Valgarði Briem, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir skipuð kennari við Barnaskólann í Grundarfirði frá 1. september 1971 að telja.

21. október var Jóni H. Magnússyni, cand. juris, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var séra Sigurði Pálssyni, vígslubiskupi á Selfossi, veitt lausn frá prests- og prófaststörfum frá 1. desember 1971 að telja.

22. október var Almar Grímsson skipaður deildarstjóri lyfjamáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 1. desember 1971 að telja.

27. október var Ingibjörg Þórarinsdóttir skipuð kennari við Húsmæðrakennaraskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja.

28. október voru Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, forstjóri, og dr. Guðrún P. Helgadóttir endurskipuð í orðuefnd til 11. september 1977, og Óttarr Möller, forstjóri, endurskipaður varamaður í nefndinni til 11. september 1974.

S. d. var dr. Jónas Bjarnason skipaður dósent í efnafræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1971 að telja.

29. október var gefið út veitingabréf handa séra Tómasi Sveinssyni til þess að vera sóknarprestur í Sauðárkróksprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1. október 1971 að telja.

11. nóvember var gefin út löggilding fyrir Hjálmar Ólafsson, Skjólbraut 8, Kópavogi, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á dönsku.

S. d. var gefin út löggilding handa Hjalta Zóphóníassyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi úr og á dönsku.

S. d. var Jóna Þorsteinsdóttir skipuð kennari við Heimavistarskólann að Kirkjubæjarklaustri frá 1. september 1971 að telja.

15. nóvember var Jóni Barða Skúlasyni Eremeef, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum sem vararæðismaður Íslands í San Francisco.

22. nóvember var Sigurður St. Helgason, lic. és-sc., skipaður lektor í lífeðlisfræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1972 að telja.

23. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Þórarni Sveinssyni, cand. med. et chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Bjarna Hannessyni, cand. med. et chir., til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

1. desember var gefið út leyfisbréf handa Huldu Björgu Sigurðardóttur til þess að mega kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi

7. desember var Karl Kristjánsson skipaður kennari við skóla gagnfræðastigsins í Reykjavík frá 1. september 1971 að telja.

15. desember var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir., Kristni Guðmundssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa Kristni Guðmundssyni, lækni, til þess að mega starfa sem sérfræðingur í taugaskurðlækningum.

31. desember andaðist hr. F. Huntley Woodcock, fiskiráðunautur Íslands í Bretlandi.